

A/F VAXTABRÉF HS.

REGLUR – SÉRHÆFÐUR SJÓÐUR FYRIR ALMENNA FJÁRFESTA

1 ALMENNT UM SJÓÐINN

1.1 Heiti og tegund sjóðs

Sjóðurinn heitir A/F Vaxtabréf hs., kt. 451223-9920 („sjóðurinn“).

Sjóðurinn er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta, sbr. X. kafla laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, og er rekinn sem hlutdeildarsjóður, sbr. IX. kafla sömu laga.

Sjóðurinn er opinn sjóður, þ.e. opinn til fjárfestingar.

Sjóðurinn er óskiptur sjóður, þ.e. starfar í einni deild.

Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður, þ.e. ekki er greiddur út arður af hlutdeildarskírteinum sjóðsins.

1.2 Staðfesta, markaðssetning og varnarþing

Sjóðurinn er með staðfestu á Íslandi.

Sjóðurinn er eingöngu markaðssettur á Íslandi.

Sjóðurinn ber einn ábyrgð á skuldbindingum sínum.

1.3 Rekstraraðili

A/F Rekstraraðili hf., kt. 660121-1370, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, („rekstraraðilinn“) er rekstraraðili sjóðsins í samræmi við lög nr. 45/2020. Rekstraraðilinn er með starfsleyfi sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands („FME“).

Rekstraraðilinn fer með stjórn og stýrir daglegum rekstri sjóðsins. Rekstraraðilinn ber ábyrgð á rekstri sjóðsins og kemur fram fyrir hönd sjóðsins. Rekstraraðilinn er ábyrgur fyrir því að sjóðurinn fari að lögum.¹

Ekki verður skipt um rekstraraðila sjóðsins nema með ákvörðun stjórnar A/F Rekstraraðila hf. og að nýr rekstraraðili uppfylli kröfur laga. Við slíka ákvörðun ber að tilkynna eigendum hlutdeildarskírteina sjóðsins um breytinguna og upplýsa þá um innlausnarrétt þeirra samkvæmt reglum þessum.

Rekstraraðilinn tilnefnir einstakling sem hefur umsjón með rekstri sjóðsins fyrir hönd rekstraraðilans, þ.e. sjóðstjóra.

Rekstraraðilanum er heimilt að útvista tilteknum lögbundnum verkefnum rekstraraðila, enda sé gætt ákvæða laga nr. 45/2020, og hefur rekstraraðilinn með vísan til þess útvistað til T Plús hf. bókhalds- og uppgjörspjónustu, að halda og uppfæra skrár yfir hlutdeildarskírteinishafa með rafrænni skráningu, umsjón með útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina, útreikningi innlausnarvirðis/gengis og umsýslu og uppgjóri viðskipta („sjóðaverkefni“). Regluvörslu og hlutverki ábyrgðarmanns aðgerða gegn peningaþvætti hefur verið útvistað til Arctica Finance hf. Þá hefur innri endurskoðun verið útvistað til BDO ehf. og rekstri upplýsingakerfis útvistað til

¹ Sjá 70. gr. laga nr. 45/2020.

Origo hf. í gegnum Arctica Finance hf. Útvistun verkefna hefur ekki áhrif á ábyrgð rekstraraðilans gagnvart sjóðnum eða eigendum hlutdeildarskírteina.

2 MARKMIÐ OG FJÁRFESTINGARSTEFNA

2.1 Markmið

Markmið sjóðsins er að ávaxta fjármuni sjóðsins með fjárfestingum í skuldabréfum og kröfum, sem gefin eru út í íslenskum krónum. Til að ná markmiði sínu hefur sjóðurinn heimildir innan afmarkaðrar fjárfestingarstefnu, samanber grein 2.2.

2.2 Fjárfestingarstefna

Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta í íslenskum skuldabréfum og víxlum útgefnum af ríkissjóði, sveitarfélögum, opinberum stofnunum, fjármálafyrirtækjum og fyrirtækjum. Að auki hefur sjóðurinn heimild til að fjárfesta í íslenskum innlánum fjármálafyrirtækja og öðrum peningamarkaðsgerningum. Með „íslenskum“ er átt við að útgáfan sé í íslenskum krónum (ISK).

Fjárfestingarheimildir sjóðsins takmarkast við sundurliðun fjárfestinga samkvæmt neðangreindri töflu með tilgreindum vikmörkum (lágmark og hámark) og ákvæði laga nr. 45/2020:

Fjármálagerningar	Lágmark	Hámark
Skuldabréf (íslensk)	100%	100%
Peningamarkaðsgerningar og innlán fjármálafyrirtækja	0%	50%
Sértryggð skuldabréf²	0%	50%
Skuldabréf og víxlar með ábyrgð ríkissjóðs Íslands	25%	100%
Önnur skráð³ skuldabréf	0%	50%
Önnur skuldabréf fjármálafyrirtækja	0%	30%
Skuldabréf sveitarfélaga og opinberra stofnana og fyrirtækja ⁴	0%	30%
Skuldabréf og víxlar fyrirtækja	0%	20%

Til viðbótar við framangreindar takmarkanir á fjárfestingum sjóðsins, þá er sjóðnum heimilt og/eða skylt að fara eftir eftirfarandi:

- Sjóðnum er heimilt að hámarki að binda allt að 20% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum, skráðum á skipulegum markaði, útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% í einum útgefanda.⁵
- Sjóðnum er heimilt að hámarki að binda allt að 30% af eignum sínum í innlánum sama fjármálafyrirtækis.⁶
- Innlán sjóðsins skal geyma á innlánsreikningi fjármálafyrirtækis, með skammtíma innlánessamningi við banka, eða í lausafjár-/skammtímasjóðum fyrir almenna fjárfesta í rekstri rekstraraðila sérhæfða sjóða eða rekstrarfélags verðbréfasjóða.⁷
- Sjóðnum er heimilt að hámarki að binda allt að 10% af eignum sínum í óskráðum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum í sama útgefanda.⁸

² Samanber lög nr. 11/2008, um sértryggð skuldabréf.

³ Með „skráðum“ er átt við skuldabréf eða víxla sem hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði, eða stefnt er að skráningu innan sex mánaða.

⁴ T.d. Lánasjóður sveitarfélaga ohf., Bygðastofnun og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

⁵ Sjá 1. tölul. 1. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020.

⁶ Sjá 2. tölul. 1. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020.

⁷ Lausafjárstýring sjóðsins miðar helst að því að stýra áhættu sjóðsins vegna innlausna samkvæmt reglum sjóðsins.

⁸ Sjá 7. tölul. 1. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020.

- e Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum og innlánnum sama útgefanda má aldrei verða hærra en 40%.⁹
- f Sjóðnum er heimilt að binda allt að 100% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem útgefin eru af íslenska ríkinu eða með ábyrgð þess. Nýti sjóðurinn heimild þessa skulu fjárfestingar dreifast á a.m.k. sex mismunandi útgáfur og má fjárfesting í einni og sömu útgáfunni ekki nema hærra fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum sjóðsins.¹⁰
- g Sjóðnum er heimilt að binda eignir sínar í innlánnum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar eða með hagnunni eigenda hlutdeildarskírteina fyrir augum.¹¹

Fjárfestingar sjóðsins í öðrum eignum en að framan greinir eru óheimilar. Sjóðnum er þó heimilt að taka yfir eignir, ef verið er að ganga á veð sem standa til tryggingar kröfum í eigu sjóðsins. Sjóðurinn mun selja eignir sem hann eignast með þessum hætti eins fljótt og auðið er með hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi.

3 FJÁRMÖGNUN OG ÁBYRGÐ Á SKULDBINDINGUM SJÓÐSINS

3.1 Fjármögnun fjárfestinga

Sjóðurinn fjármagnar sig með útgáfu/sölu hlutdeildarskírteina.

Sjóðurinn hefur heimild til að taka lán til skamms tíma fyrir allt að 25% af verðmæti eigna sjóðsins.¹²

3.2 Ábyrgð á skuldbindingum

Rekstraraðilinn ber ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins. Einvörðungu eignir sjóðsins standa til fullnustu skuldbindingum sjóðsins. Ákvæði þetta viku þó ekki til hliðar skaðabótaábyrgð rekstraraðilans.¹³

Eigendur hlutdeildarskírteina sem útgefin eru af sjóðnum og aðrir kröfuhafar sjóðsins geta eingöngu beint kröfum sínum gegn sjóðnum og eignum sem tilheyra honum.

3.3 Veðsetning eigna

Óheimilt er að veðsetja eignir og tekjur sjóðsins.

Taki sjóðurinn yfir eignir, ef verið er að ganga á veð sem standa til tryggingar kröfum í eigu sjóðsins, þá er sjóðnum, þrátt fyrir framangreint, heimilt í tengslum við yfirtöku eigna að taka lán til skamms tíma og veðsetja hinar yfirteknu eignir til tryggingar slíkri yfirtöku eigna, enda séu lán innan viðmiða 2. mgr. 95. gr. laga nr. 45/2020.

3.4 Vogun

Sjóðnum er óheimilt að beita vogun og er ekki heimilt að fjárfesta í afleiðum, hvorki í því skyni að lágmarka áhættu né sem lið í fjárfestingarstefnu.^{14 15}

⁹ Sjá 2. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020.

¹⁰ Sjá 6. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020. FME hefur veitt heimild í samræmi við ákvæðið.

¹¹ Sjá 90. gr. laga nr. 45/2020.

¹² Sjá 2. mgr. 95. gr. laga nr. 45/2020.

¹³ Sjá 72. gr. laga nr. 45/2020.

¹⁴ Vakinn er athygli á heimild sjóðsins til lántöku samkvæmt 2. mgr. greinar 3.3 ef sjóðurinn tekur yfir veðsettar eignir.

¹⁵ Vogun er skilgreind í lögum nr. 45/2020.

4 VÖRSLUAÐILI SJÓÐSINS

Vörsluaðili sjóðsins er T Plús hf., kt. 531009-1180, Skipagötu 9, 600 Akureyri („vörsluaðilinn“), á grundvelli samnings rekstraraðilans við vörsluaðilann. Um hlutverk og skyldur vörsluaðila er fjallað í IV. kafla laga nr. 45/2020, en meðal skyldna og verkefna vörsluaðilans er eftirfarandi:

- a Vakta sjóðstreymi sjóðsins og tryggja sérstaklega að allir fjármunir sem fjárfestar inna af hendi til sjóðsins séu móttæknir og að allir fjármunir sjóðsins séu lagðir inn á reikninga sjóðsins eða, ef við á, inn á reikninga rekstraraðila eða vörsluaðila fyrir hönd sjóðsins.
- b Varðveita alla fjármálagerninga sjóðsins og tryggja aðgreiningu á varðveislu fjármálagerninga sjóðsins frá öðrum.
- c Sannreyna eignarhald sjóðsins eða rekstraraðila fyrir hönd sjóðsins á öðrum eignum sjóðsins og halda skrá yfir þær eignir.
- d Tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina sé samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og reglum sjóðsins.
- e Tryggja að útreikningur á virði hlutdeildarskírteina sé framkvæmdur samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og reglum sjóðsins.
- f Framfylgja fyrirmælum rekstraraðila nema þau brjóti í bága við lög, stjórnvaldsfyrirmæli eða reglur sjóðsins.
- g Tryggja að í viðskiptum með eignir sjóðsins sé endurgjald greitt sjóðnum innan eðlilegra tímamarka og tekjur sjóðsins séu notaðar í samræmi við lög og reglur sjóðsins.
- h Halda skrá yfir eignir sjóðsins sem eru í vörslu hjá öðrum aðilum.

Fjallað er um trúnaðarskyldu vörsluaðila, heimildir til útvistunar verkefna vörsluaðila og ábyrgð vörsluaðila í greinum 40 – 44 í lögum nr. 45/2020.

Stjórn rekstraraðilans er heimilt að skipta um vörsluaðila, enda uppfylli nýr vörsluaðili kröfur laga. Tilvísanir til vörsluaðilans í reglum þessum vísa jafnframt til þess aðila sem kann að taka við skyldum vörsluaðilans.

5 ÞÓKNUN OG KOSTNAÐUR

5.1 Umsýsluþóknun

Sjóðurinn skal greiða rekstraraðilanum umsýsluþóknun, sem skal vera á ársgrundvelli 0,75% og reiknast af virði hreinnar eignar sjóðsins í lok sérhvers dags. Rekstraraðilinn skal rukka sjóðinn um þóknunina mánaðarlega. Áfallin en ógreidd þóknun er reiknuð inn í gengi sjóðsins.

Ef sjóðurinn hefur ekki laust fé til greiðslu þóknunar skal fresta greiðslu hennar þar til lausafjárstaða sjóðsins er nægjanleg. Frestaðar þóknunir skal vaxtareikna með vöxtum á 7 (sjö) daga veðlánnum Seðlabanka Íslands.

Þóknun vegna útvistaðra verkefna, annarra en þeirra sem tilgreind eru í grein 5.2, er innifalin í umsýsluþóknun til rekstraraðilans.

5.2 Þóknun vörsluaðila og vegna sjóðaverkefnanna

Þóknun vörsluaðila, sbr. grein 4, og þóknun vegna sjóðaverkefnanna, sbr. grein 1.3, eru greiddar af sjóðnum og skulu þóknunir þessar á ársgrundvelli samanlagt að hámarki nema 0,15% og reiknast af virði hreinnar eignar sjóðsins í lok sérhvers dags. Áfallin en ógreidd þóknun er reiknuð inn í gengi sjóðsins.

5.3 Aðrar þóknanir og kostnaður

Allar aðrar þóknanir og kostnaður en tilgreint er í greinum 5.1 - 5.2 skulu greiddar af sjóðnum, eftir atvikum með endurgreiðslu til rekstraraðilans, s.s. kostnaður við endurskoðun og gerð ársreikninga, lögfræðikostnaður, kostnaður við rafræna útgáfu hlutdeildarskírteina, kostnaður vegna fjármálakerfa eða hugbúnaðar (annarra en eignastýringarkerfis), kostnaður við birtingu útboðslýsinga og annar sérfræðikostnaður og eftirlitsgjöld til FME. Árlegur kostnaður vegna framangreindra liða, að undanskildum viðskiptaþóknunum samanber 2. mgr. þessarar greinar 5.3, skal að meðaltali ekki nema hærrí fjárhæð en sem nemur á ársgrundvelli 0,25% af virði hreinnar eignar sjóðsins í lok sérhvers dags yfir það tímabil sem rukkað er fyrir, reiknað með sama hætti og umsýsluþóknun rekstraraðilans.

Viðskiptaþóknanir vegna kaupa og sölu fjármálagerna eru greiddar af sjóðnum, en slíkar þóknanir nema að jafnaði 0,01-0,10% af markaðsvirði sérhverra viðskipta. Árlegur kostnaður vegna þessa fer eftir veltu sjóðsins yfir árið.

Leiði sérstakar aðstæður til þess að verja þarf hagsmuni sjóðsins með aðgerðum sem fyrirsjáanlega leiðir til þess að farið verði fram úr framangreindu hlutfalli má gjaldfæra kostnað vegna þess hjá sjóðnum, enda leiði mat rekstraraðilans til þeirrar niðurstöðu að hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina sé best borgið með þeim hætti. Skulu eigendur hlutdeildarskírteina upplýstir ef kemur til þess.

5.4 Sölu- og afgreiðslugjald

Rekstraraðilanum og söluaðila í sjóðinn er heimilt við sölu hlutdeildarskírteina sjóðsins að leggja á allt að 0,80% gjald, sem þeim er heimilt að skipta sín í milli.

Söluaðilar sjóðsins gætu innheimt afgreiðslugjald við sölu og innlausn hlutdeildarskírteina sjóðsins og fer það eftir gjaldskrá viðkomandi söluaðila.

6 ÚTGÁFA, SALA OG INNLAUSN HLUTDEILDARSKÍRTEINA

6.1 Útgáfa og sala hlutdeildarskírteina

Hlutdeildarskírteini má aðeins gefa út og selja gegn staðgreiðslu kaupverðs.¹⁶

Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu gefin út með rafrænum hætti í samræmi við ákvæði laga nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna. Eigendum hlutdeildarskírteina er því nauðsynlegt að hafa verðbréfareikning hjá reikningsstofnun, sem hefur milligöngu um eignarskráningu rafréfa og er þátttakandi í viðkomandi verðbréfamiðstöð, til að unnt sé að skrá eignarhald þeirra í sjóðnum.

Rekstraraðilinn skal halda skrá yfir hlutdeildarskírteinishafa í sjóðnum lögum samkvæmt. Gagnvart sjóðnum skulu upplýsingar, sem verðbréfamiðstöð veitir um skráða eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðnum, skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutdeildarskírteinum í sjóðnum og skulu allar greiðslur til eigenda á hverjum tíma, svo og allar tilkynningar, sendast þeim sem skráður er eigandi viðkomandi hlutdeildarskírteina í kerfum verðbréfamiðstöðvar. Hlutdeildarskírteini veita eiganda ekki atkvæðisrétt um málefni sjóðsins.

Beiðnir um kaup sem berast söluaðila hlutdeildarskírteinanna fyrir kl. 13:00 á viðskiptadegi,¹⁷ ber að afgreiða tveimur viðskiptadögum síðar (T+2) og skal notast við innlausnarvirði eða gengi hvers hlutdeildarskírteinis í sjóðnum sem reiknað er miðað við lok þess dags sem beiðni barst.

¹⁶ Sjá 77. gr. laga nr. 45/2020.

¹⁷ Með viðskiptadegi er átt við þá daga sem Kauphöllin er opin á Íslandi.

Beiðnir, sem berast eftir þetta tímamark, ber að afgreiða sem þær hafi borist fyrir kl. 13:00 á næsta viðskiptadegi.

6.2 Rétthæð krafna

Allir eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðnum eiga sama rétt til eigna sjóðsins í hlutfalli við hlutdeild sína og eru hlutdeildarskírteinin staðfesting á tilkalli til heildareigna sjóðsins.

Kröfur á grundvelli hlutdeildarskírteina eru réttlægri en aðrar kröfur sem gerðar eru á hendur sjóðnum.

6.3 Innlausnir

Að uppfylltum kröfum laga og reglna sjóðsins, og að kröfu sérhvers eiganda hlutdeildarskírteina, þá er sjóðnum skylt að innleysa hluti í sjóðnum. Beiðni um innlausn sem berst söluaðila hlutdeildarskírteina fyrir kl. 13:00 á viðskiptadegi, ber að afgreiða tveimur viðskiptadögum síðar (T+2) og skal notast við innlausnarvirði eða gengi hvers hlutdeildarskírteinis í sjóðnum sem reiknað er miðað við lok þess dags sem beiðni barst. Beiðnir, sem berast eftir þetta tímamark, ber að afgreiða sem þær hafi borist fyrir kl. 13:00 á næsta viðskiptadegi.

Að öðru leyti ákveður rekstraraðilinn nánari framkvæmd við innlausn hlutdeildarskírteina, s.s. form og framsetningu.

6.4 Frestun innlausna

Heimilt er að fresta innlausn hlutdeildarskírteina vegna sérstakra ástæðna og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess. Frestunin skal þá vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina. Frestur á innlausn skal ekki standa lengur en nauðsyn krefur. Frestun skal tilkynnt FME og eigendum hlutdeildarskírteina þegar í stað og tekur gildi við þá tilkynningu. Frestun skal jafnframt auglýst opinberlega.¹⁸

7 VERÐMAT EIGNA OG ÚTREIKNINGUR Á INNLAUSNARVIRÐI/GENGI

7.1 Grunnmynt

Grunnmynt sjóðsins er íslenskar krónur (ISK).

7.2 Ráðstöfun arðs og hagnaðar

Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður, þ.e. ekki er greiddur út arður af hlutdeildarskírteinum sjóðsins.

Sjóðnum er heimilt að nýta fjármuni sem hann móttækur vegna eigna sjóðsins til endurfjárfestingar.

7.3 Innlausnarvirði/gengi hlutdeildarskírteina

Innlausnarvirði eða gengi hlutdeildarskírteina sjóðsins er heildarmarkaðsvirði eigna sjóðsins að frádregnum skuldum sjóðsins, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleysta hlutdeildarskírteina.¹⁹

¹⁸ Sjá 2. mgr. 87. gr. laga nr. 45/2020. Dæmi um tilvik má nefna að ekki reynist unnt að staðreyna innlausnarvirði eða sjóðurinn standi frammi fyrir svo miklum kröfum um innlausnir að ekki sé unnt að mæta þeim nema með sölu eigna sem gæti tekið einhvern tíma.

¹⁹ Sjá 2. mgr. 88. gr. laga nr. 45/2020.

7.4 Verðmat eigna

Rekstraraðilinn ber ábyrgð á því að framkvæmt sé fullnægjandi og óháð mat á eignum sjóðs í samræmi við ákvæði laga og reglur þessar. Mat á eignum sjóðsins skal á hverjum tíma endurspegla raunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna.²⁰

Fjármálagerningar sem skráðir eru eða teknir til viðskipta á skipulegum markaði skulu metnir samkvæmt dagslokagengi viðkomandi skipulegs markaðar. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati rekstraraðilans, undir eftirliti vörsluaðilans og endurskoðanda að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni.²¹ Rekstraraðilinn skal halda skrá yfir mat slíkra eigna á hverjum tíma þar sem fram koma forsendur fyrir mati á eignum.

8 SLIT EÐA SAMRUNI SJÓÐS

8.1 Líftími

Sjóðurinn hefur ekki skilgreindan líftíma.

8.2 Slit sjóðsins

Stjórn rekstraraðilans tekur ákvörðun um slit sjóðsins. Ástæður ákvörðunar um slit sjóðsins gætu t.d. verið að stærð sjóðsins réttlæti ekki rekstur hans (fer t.d. undir ISK 500 milljónir), markaðsaðstæður gefa tilefni til eða ef hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina séu að öðru leyti betur varðir með slitum. Ákvörðun um slit sjóðsins skal tilkynnt FME.²²

Komi til slita sjóðsins skal rekstraraðilinn koma eignum sjóðsins í verð með hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi og deila niður hreinni eign sjóðsins, þ.m.t. að frádregnum öllum kostnaði tengdum slitum, á eigendur hlutdeildarskírteina í réttu hlutfalli við fjölda í eigu þeirra. Rekstraraðilanum er heimilt að deila niður hreinum eignum sjóðsins í heild eða að hluta til með framsali á fjármálagerningum til eigenda hlutdeildarskírteina (e. *in kind*), á sanngjarnan hátt.

Endurskoðandi skal staðfesta skiptingu hreinnar eignar sjóðsins.

Tilkynna skal eigendum hlutdeildarskírteinanna um slit sjóðsins og skal tilgreina skilmála slita og dagsetningu slitanna. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum laga.

8.3 Samruni sjóðsins við aðra sjóði

Stjórn rekstraraðilans tekur ákvörðun um samruna sjóðsins við aðra sjóði að fengnu samþykki FME.²³

Tilkynna skal eigendum hlutdeildarskírteinanna um ákvörðun stjórnar og skal tilkynning uppfylla kröfur laga, s.s. 83. og 84. gr. laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði, sbr. 1. mgr. 84. gr. laga nr. 45/2020, þ. á m. um áhrif fyrirhugaðs samruna á fjárfestingu eigenda hlutdeildarskírteina og réttindum þeirra samkvæmt ákvæðum laga, t.d. um rétt um innlausn án annars gjalds en þess sem sjóðurinn heldur eftir til að standa undir kostnaði við sölu eigna.

²⁰ Sjá 1. og 2. mgr. 26. gr. laga nr. 45/2020.

²¹ Sjá 2. mgr. 26. gr. laga nr. 45/2020.

²² Sjá 5. mgr. 17. gr. laga nr. 45/2020.

²³ Sjá 1. mgr. 84. gr. laga nr. 45/2020.

9 UPPLÝSINGAGJÖF TIL FJÁRFESTA

9.1 Árs- og árshlutareikningar

Ársreikningar og hálfársuppgjör sjóðsins skulu vera öllum aðgengilegir eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs og birt á vefsvæði rekstraraðilans. Að öðru leyti skal fara eftir gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.²⁴

9.2 Upplýsingagjöf

Rekstraraðilinn skal útbúa útboðslýsingu og lykilupplýsingar fyrir sjóðinn og birta á vefsvæði rekstraraðilans, sem eru veittar án endurgjalds.²⁵

Á vefsvæði rekstraraðilans skal birta upplýsingar um tíu stærstu útgefendur í eignasafni sjóðsins ásamt upplýsingum um hlutfall fjárfestingar í hverjum aðila, sem og hlutfall fjárfestinga í samanburði við fjárfestingarstefnu. Upplýsingar þessar skulu uppfærðar a.m.k. á sex vikna fresti.²⁶

10 Breytingar á reglum

Stjórn rekstraraðilans fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins og getur aðeins stjórn rekstraraðilans gert breytingar á reglum sjóðsins, að fenginni staðfestingu FME. Breytingar á reglum skulu tilkynntar eigendum hlutdeildarskírteina, nema FME hafi veitt undanþágu frá því.²⁷

Ákvæði laga, s.s. laga nr. 45/2020, gilda um öll önnur atriði en þau sem fjallað er um í reglum þessum eftir því sem við getur átt.

Reykjavík, 19. desember 2023.

Samþykkt af stjórn A/F Rekstraraðila hf. f.h. A/F Vaxtabréfa hs.

²⁴ Sjá 45. gr. og 1. mgr. 86. gr. laga nr. 45/2020.

²⁵ Sjá 1. og 3. mgr. 86. gr. laga nr. 45/2020.

²⁶ Sjá 6. mgr. 86. gr. laga nr. 45/2020.

²⁷ Sjá 2. og 3. mgr. 85. gr. laga nr. 45/2020.